Föstudaginn 10. maí 1996.

Nr. 174/1996. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Ólafi Hreggviðssyni

(Jóhannes R. Jóhannsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991. Mannréttindasáttmáli Evrópu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 7. maí 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 8. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Varnaraðili reisir aðalkröfu sína einkum á því, að ákvæði a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 fái ekki samrýmst 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Ekki verður fallist á þessa röksemd. Sú skýring er viðtekin í framkvæmd sáttmálans hjá stofnunum Evrópuráðsins, að orðalag c-liðar 1. mgr. og 3. mgr. 5. gr. hans standi því ekki í vegi, að gæsluvarðhaldi verði beitt með tilliti til rannsóknarhagsmuna, sé uppi rökstuddur grunur um afbrot þess, sem í hlut á. Eru ekki efni til að skýra ákvæði laga nr. 62/1994 á annan veg.

Með þessari athugasemd verður hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. maí 1996.

Ár 1996, laugardaginn 4. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Höllu Bachmann Ólafsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Ólafi Hreggviðssyni, kt. 080478-4539, Beykihlíð 8, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 13. maí 1996 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. eða 254. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Hinn 12. apríl sl. var tilkynnt um innbrot í tölvuverslunina Tæknibæ, Skipholti 50 C, Reykjavík, en þar hafði verið stolið tölvubúnaði, að verðmæti um 3.500.000 kr. Fyrir nokkrum dögum kom í verslunina ungur maður, sem kvaðst geta komið þýfinu í hendur eiganda verslunarinnar. Nefndi sá aðili, sem ekki er vitað, hver er, nöfn þriggja manna, sem tekið hefðu við þýfinu af þjófunum, sem hann sagði einnig vera þrjá. Eftir yfirheyrslur í gær yfir þeim mönnum, sem nefndir voru á nafn, var orðið ljóst, að tveir þeirra höfðu keypt þýfi úr innbrotinu af ungum manni, sem heitir „Óli", og gat annar þessara tveggja manna gefið upp fullt nafn kærða, þar sem hann kannaðist við hann úr starfi sínu á pizzustaðnum Hróa hetti, en þar hafði kærði oft pantað pizzur.

Búið er að skila því þýfi, sem þessir tveir menn keyptu, en þar var um að ræða eitt geisladrif, einn harðan disk og eitt fax modem, og hefur eigandi verslunarinnar staðfest, að þessum hlutum hafi verið stolið í innbrotinu 12. apríl sl.

Kærði hefur neitað að hafa nokkra vitneskju um innbrot eða þýfi úr innbroti í verslunina Tæknibæ, Skipholti 50 C.

Þegar litið er til þess, sem að framan er rakið, og gagna málsins verður að telja kærða undir rökstuddum grun um brot gegn 244. gr. eða 254. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, en slík brot geta varðað fangelsisrefsingu.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi og veruleg hætta á, að kærði spilli sakargögnum, svo sem með því að hafa áhrif á vitni og hugsanlega samseka ásamt því að koma undan þýfinu. Með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, þykir rétt á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði. Ekki þykir rétt að skilja ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu svo, að þau komi í veg fyrir ákvörðun um gæsluvarðhald yfir kærða.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ólafur Hreggviðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 13. maí 1996 kl. 16.00.